

47. Stjórnarfundur Fenúr.

2. desember 2002.

Mætt; Gunnar Bragason, Elías Ólafsson, Björn Halldórsson, Gyða S. Björnsdóttir og Guðmundur Tryggvi Ólafsson. Forföll boðuðu: Cees Myles, Ragna Halldórsdóttir og Pétur Bjarnason.

Staður og stund; Skrifstofa Sorpu, Gufunesi kl. 15.30.

1. Fundargerð

Fundargerð nr. 46 samþykkt.

2. Haustráðstefna á Sólheimum.

Rúmlega 60 manns mættu á ráðstefnuna sem þótti takast í alla staði vel.

3. Heimasíða.

Samþykkt að taka tilboði Spuna ehf. í forritun og uppsetningu heimasíðu Fenúr sem hljóðar uppá 360 þúsund (m/vsk). Gyða kynnti málið og fór m.a. yfir síðutré. Síðan verður sett upp næstu daga.

4. Starfskraftur Fenúr og starfshópar.

Verkefnaskrá starfsmanns Fenúr verður undirbúin og tekin til skoðunar á næsta stjórnarfundum. Starfshópar verða að skila efni fyrir heimasíðu hið fyrsta.

5. Merkingar.

Guðmundur kynnti stöðu merkingaprentunar, falið að halda viðræðum við Fjölprent áfram. Gyða lagði fram drög að vinnureglum vegna notkunar á merkjunum.

Starfshópi falið að taka ákvörðun um ný merki og hvernig stafrænum gögnum verði miðlað til þeirra sem þess óska.

6. Stenúr nefndin, frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Gunnar kynnti stöðu frumvarpsins. Sterkir hagsmunaaðilar hafa áhrif á innihald frumvarpsins og hvenær það verður afgreitt, en ljóst er að afgreiðslu seinkar a.m.k. fram yfir áramót.

Björn greindi frá ferð sinni til Möltu, en þar tók hann þátt í ráðstefnu um umbúðarúrgang. Ræddi þar einnig við fulltrúa "græna punktsins" sem líklega munu koma hingað til lands næsta haust og kynna hugmyndafræði "græna punktsins".

Fundi slitið kl.: 17:45

Meðfylgjandi:

Vinnureglur vegna notkunar á flokkunarkerkjum.

FLOKKUNARMERKINGAR FENÚR

Vinnureglur vegna notkunar á þeim.

Flokkunarmerkingar Fenúr er hægt að panta í límmiðaformi á heimasíðu Fenúr www.fenur.is. Um er að ræða 3 stærðir af límmiðum, þ.e. A5, A4 og A3.

Sé meiningin að fylgja merkingum á endurvinnslu- eða gámastöðvum eftir með einhverskonar kynningarefni er hægt að nálgast merkin á prenthæfu formi hjá Fenúr, póstfang fenur@fenur.is.

Eftirtalin atriði þarf að hafa í huga við hönnun efnis:

1. Flokkunarmerkin eru til með texta og án texta.



2. Ekki skal breyta hlutföllum, lit merkjanna eða texta.

Þó er leyfilegt að nota merkin án rammans t.d. í bakgrunn, komi þau fyrir í upprunalegu formi annarsstaðar í skjalinu.

3. Litur er skilgreindur:

a. PANTONE 335 CVC

eða

b. 100c 0m 65y 30k

4. Sé óskað eftir því að nota merkin með öðrum hætti en framan- greindum skal leggja fram erindi þess eðlis við vinnuhóp sem fer með málefni flokkunarmerkja, póstfang fenur@fenur.is.

Vinnuhópin skipa Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Sorpstöð Suðurlands, Gyða S. Björnsdóttir, SORPU og Ásmundur Reykdal, SORPU.